

Priðjudagur 30. maí

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Veistu hver Tung er?** Annar þáttur. Tung er vietnamskur strákur sem býr í Noregi. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Elfa Björk Ellersdóttir (Nordvisión - Norska sjónvarpið).
- 18.15 **Freddi og félagar (12).** Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
- 18.45 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflökur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.20 **Leðurblökumaðurinn (Batman).** Bandarískur framhaldsmyndaflökur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Fjúgandi gáfnaljos** (Bird Brain of Britain). Bresk heimildarmynd um tilraun, sem gerð var á ýmsum fuglategundum, til að kanna hvort þær gætu leyst erfiðar þrautir. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
- 21.05 **Launráð (Act of Betrayal).** Annar þáttur. Breskur myndaflökur í fjórum þáttum. Aðalhlutverk Elliot Gould, Lisa Harrow, Patrick Bergen og Bryan Marshall. Meðlimur írka lýðveldis-hersins (IRA) gerist liðhlaupi og ljóstrar upp um fyrrum féлага sína sem eru handteknir og dæmdir.
- 22.05 **Eitt stykki tilraun.** Svipmyndir af nokkrum íslenskum listamönnum, ungu og öldnum. Umsjón Halldór Bragason.
- 23.00 **Ellefurfréttir og dagskrárlok.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Dægradvöl.** ABC's World Sportsman. Þáttaröð um frægt fólk með spennandi áhugamál.
- 18.15 **Bylmingur.** Þungarokks-sveitin Judas Priest.
- 18.45 **Elsku Hobo.** The Littlest Hobo. Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengingur, íþróttir og veður ásamt fréttatengingum innslögum.
- 20.00 **Alf á Melmac.** Alf Animated. Frábært teiknimyndasafn fyrir alla fjölskylduna.
- 20.30 **Visa-sport.** Blandaður íþróttaráttur. Umsjón Heimir Karlsson.
- 21.25 **Páfinn á Íslandi.** Fjallað um katólskuna, Vatíkanið og Jóhannes Pál páfa II. Umsjón og dagskrágerð: Sigurveig Jónsdóttir og Þórir Guðmundsson.
- 21.55 **Blái kádíljakinn.** Blue de Ville. Gus er létt á bárunni og henni tekst að leiða öllu jarðbundnari vinkonu sína inn á hálar brautir. Gus ætlar að leita föður síns sem hún hefur aldrei séð og saman takast vinkonurnar ferð á hendur. Á fyrsta viðkomustaðnum vinna þær bláan kádíljak og sigursælar taka þær hressan puttaferðlang upp í. Ævintýranna er ekki langt að biða. Aðalhlutverk: Jennifer Runyon, Kimberly Pistone og Mark Th. Miller.
- 23.35 **Herbergi með útsýni.** A Room with a View. Myndin fjallar um unga enska stúlku af góðum ættum sem ferðast um Flórens í fylgd frænku sinnar. Í leit sinni að herbergi með fallegu útsýni kynnist unga stúlkan ástinni í fyrsta sinn.
- 1.30 **Dagskrárlok.**

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregin.** Bæn, séra Stína Gísladóttir flytur.

- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregin kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forstugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.

- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn - Á Skipalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fjórtanda, lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Í garðinum** með Hafsteini Hafliðasyni.
- 9.40 **Landpósturinn - frá Suðurnesjum.** Umsjón: Magnús Gíslason.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregin.**
- 10.30 **Eg man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregin.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.00 **Í dagsins önn - Heilög Barbara.** Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.30 **Miðdegissagan: Vatnsmelónusykur** eftir Richard Brautigan. Gyrðir Elíasson þýddi. Andrés Sigurvinsson les (4.)
- 14.00 **Fréttir.**
- 14.03 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Öddu Örnólfsdóttur sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnundags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Glott framan í gleymskuna.** Friðrik Rafnsson fjallar um mið-evrópskar bókmenntir. (Endurtekin lokabáttur frá fimmtudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregin.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal annars verður fjallað um manna-nöfn. Hvað þau þýða og hver uppruni þeirra er. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist eftir Ludwig van Beethoven.**
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregin.** Tilkynningar.

- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá - Shakespeare í London.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Einnig útvarpað nk. föstudagsmorgun kl. 9.30.)
- 20.00 **Litli barnatíminn - Á Skipalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fjórtanda lestur. (Endurtekin frá morgni.)
- 20.15 **Kirkjutónlist.**
- 21.00 **Kveðja að norðan.** Úrval svæðisútrupsins á Norðurlandi í liðinni viku. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þróstur Emilsson. (Frá Akureyri.)
- 21.25 **Útvarpsagan: Kristrún í Hamravík eftir Guðmund G. Hagalín.** Höfundur les. (5.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregin.** Tónlist.
- 22.30 **Leikrit vikunnar: Draumaströndin** eftir Andrés Indriðason. Leikstjóri: Stefán Baldursson. Fimmti og lokabáttur. Sólarmegin í lífinu. Leikendur: Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Tinna Gunnlaugsdóttir, Steinunn Jóhannsdóttir, Hjalti Rögnvaldsson og Baltasar Samper.
- 23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska samtímatónlist, í þetta sinn verk eftir Misti Porkelsdóttur.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekið frá morgni.)

- 1.00 **Veðurfregin.**
- 1.10 **Næturútrarp á báðum rás-um til morguns.**



- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksón og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregin kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Rugl dagsins frá Spaugstofu kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.03. Afmælskveðjur kl. 10.30. Sérþarfing með Jóhannu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heims-bliðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gestu Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gull-artónlist.
- 14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkikki og leikur nýju lögin.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægumálaútrarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir og Ævar Kjartansson. - Kaffisjall og innlit upp úr kl. 16.00. - Stórmál dagsins á sjötta tímanum. - Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu kl. 18.03.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útrarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
- 22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarson kynnir djass og blús.
- 1.00 **Vökulögin.**
- Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- Svæðisútrarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalög, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00-**Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalgög.
- 24.00 **Nætur dagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kem-

- ur kveðjum og óskalgögum hlustenda til skila.
- 14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalgög í bland við ýmsan fróðleik.
- 18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalgög.
- 24.00 **Næturstjórnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar.**
- 11.00 **Ferill og „FAN“.** Tónlistarþáttur E.
- 12.30 **Rótartónar.**
- 14.00 **Í hreinskilni sagt.** E.
- 15.00 **Kakó.** Tónlistarþáttur.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Laust.**
- 17.30 **Samtök græningja.**
- 18.00 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
- 19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
- 21.00 **Magnamin** Ágúst Magnússon leikur tónlist.
- 22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**



- 14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
- 15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
- 24.00 **Dagskrárlok.**



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat show.** Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttaráttur.
- 10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World.** Sápuópéra.
- 12.00 **General Hospital.**
- 13.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópéra.
- 14.00 **Loving.**
- 14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
- 18.30 **Veröld Frank Bough's.**
- 19.30 **Framhaldsþáttur.**
- 21.30 **Jameson Tonight.**
- 22.30 **Matt Helm.**




- 16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 17.00 **Eurosport - What a Week!** Lítið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.
- 18.00 **Tennis.** Opna franska meistaramótin.
- 20.00 **Golf.** Valin atriði frá PGA meistaramótinu.
- 21.00 **Kappakstur.** Valin atriði frá Formúla 1 keppni í Mexíkó.
- 22.00 **Körfubolti.** Opna evrópska meistaramótin.
- 23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**

Rás 1 kl. 22.30: Draumaströndin - leikrit vikunnar

Í kvöld verður fluttur fimmti og síðasti þáttur leikrits Andrés Indriðasonar og nefnist hann Sólarmegin í lífinu. Í fjórða þætti fannst Önnu sem eiginmaður sinn væri farinn að draga dóm af sprellum og Lilla, sem alls staðar birtist þar sem þau fóru. Hún ákvað því að þau hjónin skyldu taka bíla-leigubíll í stað þess að fara í hópferð dagsins þar sem Lilla yrði örugglega innanborðs. Margt fer þó öðruvísi en ætlað er. Billinn bílaði

og skömmu seinna birtist rútan með bjargvættinum Lilla sem ekki taldi eftir sér að rétta vini sínum hjálparhönd þrátt fyrir annir við söngstjórn og aðra skemmtan.

Leikendur í fimmta þætti eru: Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Hjalti Rögnvaldsson, Tinna Gunnlaugsdóttir, Steinunn Jóhannsdóttir og Baltasar Samper. Leikstjóri er Stefán Baldursson.



McCurt ákveður að flytja með fjölskyldu sína til Ástralíu þar sem þau hyggjast hefja nýtt líf.

Sjónvarp kl. 21.05:

Launráð

- framhaldsmynd í fjórum þáttum

Í þáttunum er sögð saga IRA mannsins Michael McCurt, sem er orðinn langþreyttur á ofbeldi og ákveður því að bera vitni gegn félögum sínum í IRA, en þeir eru ákærðir fyrir margs konar glæpi. Á grundvelli vitnisburðar McCurt eru þeir sendir í lífstíðar fangelsi.

Þegar réttarhöldin eru afstaðin er McCurt og fjölskylda hans send til Ástralíu þar sem þau hyggjast hefja nýtt líf.

Með þeim fer sérstakur

fulltrúi stjórnvalda Kennedy að nafni sem á að hjálpa þeim að koma sér fyrir í nýjum heimkynnum. En IRA hyggur á hefnd og þegar Kennedy kemur aftur til Írlands komast samtökin á snöðir um að fjölskyldan sé flutt til Ástralíu og nú hefst mikill eltingaleikur sem endar á óvæntan þátt.

Alls eru það fjórir þættir sem sýndir verða um McCurt og fjölskyldu og það er annar hlutinn sem sýndur verður í kvöld.

Stöð 2 kl. 21.55:

Blái kádíl-jákurinn

Hin léttlynda Gus hefur ávallt verið iðin við að leiða vinkonu sína, J.C. út á hálánís með skrýtnum uppátækjum en í þetta sinn er það J.C. sem tekur afdrifaríka ákvörðun upp á eigin spýtur.

J.C. er trúlofuð og á að ganga inn í fyrirtæki föður síns en stingur óvænt af með Gus. Saman þeyssa þær út á þjóðveginn á vélhjól.

Innan skamms verður á vegi þeirra forríkur táníngur sem skorar á Gus í einvígi í töluleik. Hún sigrar og fær í verðlaun bláan Cadillac DeVille árgærd 1959.

Jennifer Runyon og Kimberly Pistone leika vinkonurnar tær en Mark Thomas Miller leikur puttaferðlang sem slæst í för með þeim.

-Pá